

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflökks Íslands um stuðning við dansnám á grunnstigi

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 20. mars 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflökks Íslands:

Óskað er eftir greinargerð skóla- og frístundasviðs um kosti þess og galla að Reykjavíkurborg styðji dansnám á grunnstigi í Reykjavík, m.a. með tilliti til þeirra fregna sem berast af uppsögnum starfsfólks Listdanskóla Íslands.

Svar:

Þrjú listdanskólar hafa hlotið viðurkenningu frá menntamálaráðuneytinu á grunn- og framhaldsstigi. Listdanskólar eru með þjónustusamninga við ríkið vegna kennslu á framhaldsstigi. Grunnám í dansi nýtur hins vegar ekki styrkja, hvorki frá ríki, Reykjavíkurborg né öðrum sveitarfélögum. Segja má að það skjóti skökku við þar sem aðrir viðurkenndir listskólar svo sem tónlistarskólar og myndlistarskólar njóta styrkja í gegnum þjónustusamninga við sveitafélög. Hins vegar er e.t.v. torvelt að hefja sérstakan stuðning aðeins við listdans en ekki aðrar gerðir af dansi. Félag íslenskra listdansara hefur vakið athygli á stöðu listdanskóla, m.a. með erindi til skóla- og frístundaráðs árið 2014.

Reykjavíkurborg hefur þó stutt danskóla í gegnum frístundakortið. Fyrirspurn var send á menningar- og íþróttasvið, sem heldur utan um tölur um notkun á frístundakorti Reykjavíkur. Samkvæmt svörum sem fengust þaðan eru yfir 1300 börn að nýta frístundakort Reykjavíkur í dansnám árið 2022. Líklegt er að fleiri séu í dansnámi en þessi notkun á frístundakortinu gefur ákveðna mynd. Í Reykjavík eru að meðaltali 1400-1500 börn í árgangi.



Tafla 1. Frístundastyrkur til dansskóla 2022

Ár	Félag	Fjöldi iðkenda
2022	Balletskóli Eddu Scheving	182
2022	Dans Akademían	1
2022	Dans Brynju Péturs	300
2022	Dans Center Reykjavík	0
2022	Dans og Jóga ehf	0
2022	Dansfélagið Hvönn	10
2022	Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar	0
2022	Dansrækt JSB	311
2022	Dansskóli Birnu Björns	125
2022	Dansskóli Köru	20
2022	Dansskóli Sigurðar Hákonarsonar	37
2022	Dansskólinn Bíldshöfða	19
2022	Danssporið	3
2022	Klassíski Listdansskólinn	59
2022	Kramhúsið	5
2022	Listdansskóli Hafnarfjarðar	7
2022	Listdansskóli Íslands	52
2022	Óskandi	66
2022	Plié listdansskóli	107
2022	The Dance Space Reykjavík	6
		1310